

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 67**  
*amtinu um flutning þingstaðar.* Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað- 6. júní  
 ur, í brjefi, dagsettu 4. þ. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Hafnahreppi, vill stjórnarráðið hjer með veita samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Merkinesi að Kirkjuvogi, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til stiptyfirvaldanna um makaskipti 68**  
**kirkjujarðar.** Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir 6. júní  
 Hans hátign konunginum 17. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að makaskipta megi jörðinni Jörvík í Breiðdal, sem heyrir undir Berufjarðarprestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi fyrir bændajörðina  $\frac{3}{4}$  hluta af Skála í Beruneshreppi með  $1\frac{1}{2}$  ásauðarkúgildi og 200 kr. milligjöf, með þeim skilyrðum, að milligjöfin ávaxtist undir umsjón stiptyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, en vaxtanna njóti beneficiarius, og að hin fyrnefnda jörð framvegis verði skoðuð sem bændajörð, að því er skatta og skyldur snertir, og hin síðarnefnda sem kirkjujörð.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 69**  
*amtinu um sveitfesti þurfalings.* Með brjefi, dags. 8. marz þ. á., hafid 8. júní  
 þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Vestureyjafjalla- hreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar, dags. 13. júní f. á., að því leyti sem hann ákveður að Runólfur Stefánsson skuli áltast að hafa verið sveitlægur í nefndum hreppi þá er hann dó í septembermánuði 1901, og að ekkja hans, Ingibjörg Magnúsdóttir, þarafleiðandi skuli eiga sveit í nefndum hreppi.

Þótt adalreglan verði að vísu að vera sú að fæðingarhreppur eða viðurkenndur framfærsluhreppur losist þvíáðeins undan framfærsluskyldu, að full sönnun sje fyrir óslitinni, lögmætri 10 ára sveitfestisdvöl í öðrum hreppi og að sönnunarskyldan hjeradlútandi því hvíli venjulega á fæðingarhreppnum (eða viðurkenndum framfærsluhreppi) sem til þess að losa sjá'fa sig halda því fram að sveitfesti sje unnin annarsstaðar, þá eru í þessu máli alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi, þar sem mjög miklar líkur eru til þess að Runólfur Stefánsson hafi unnið sjer sveit í Vestureyjafjallahreppi, þar sem hann hefir verið viðloða þvínær stöðugt í meira en 30 ár, en hins vegar ekkert er framkomið í málinu, er bendi til þess að hann á tímabilinu frá 1870—1888 hafi getað átt

**69** heimili annarsstaðar en þar. Það virðist því sjálfsagt að sönnunarskyldan fær-  
8. júní ist yfir á dvalarhreppinn (Vestureyjafjallahrepp), svoað honum beri að sanna að  
dvölin hafi slitnað þannig að nægilegt hafi verið til að slíta sveitfestisdvöl, og  
meðþvíað stjórnarráðið er yður samdóma um að Vestureyjafjallahreppur eigi  
hafi fært nægilegar sannanir fyrir þessu, skal úrskurður yðar standa óraskaður.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birt-  
ingar.

#### Úrskurður amtsins.

Eftir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 5.  
f. m. og með því ítarlegri upplýsingar og skýrslur um kröfu Leiðvallarhrepps hins forna á  
hendur Eyjafjallahreppi til endurgjalds á framfærslustyrk veittum í júní 1901 Ingibjörgu  
Magnúsdóttur, ekkju Runólfs nokkurs Stefánssonar, sem dó 10. sept. s. á. á Brúnum í síðar-  
nefndum hreppi, og um sveitfesti hennar, og ennfremur nokkrar skýrslur frá sýslumanninum  
í Skaptafellssýslu um ágreining þann, er risið hefir milli nefndra hreppa útaf framfærslu-  
máli þessu, sem þið sýslumennirnir eigi hafið getað komið ykkur saman um, er svolátandi  
úrskurður lagður á málið.

Eins og vikið er á, varð fyrnefnd Ingibjörg Magnúsdóttir, sem er kominn undir sjö-  
tugt, þurfandi fátækrastryks vegna heilsuleysis og lasleika, og var hún snemma í júní 1901  
sögð til sveitar af mági sínum, Birni Hávarðssyni á Efri Steinsmýri í Leiðvallarhreppi, sem  
hún dvaldi hjá, og henni veittar 34 kr. til framfæris. Meðþvíað hreppsnefndin gekk út  
frá því að maður Ingibjargar, Runólfur Stefánsson, hefði áunnið sjer sveitfesti í Vestureyja-  
fjallahreppi, þarsem hann hafði dvalið um mörg undanfarin ár, tilkynnti hún sýslumanni  
sínum þessa styrkveitingu 11. júlí 1901, en hreppsnefndin í nefndum hreppi hefir neitað að  
viðurkenna, að Runólfur Stefánsson hafi verið sveitlægur þar í hreppnum, þá er hann andað-  
ist 11. septbr. s. á., og ekkju hans sveitlæga þar, og skorazt undan að endurgjalda hinn um-  
rædda styrk.

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, og sem eigi eru svo fullkomnar sem skyldi  
vegna þess að Runólfur Stefánsson andaðist áður en skýrsla hans yrði tekin um æfiferil hans,  
sem ef til vill hefði mátt fá, ef hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi, er hafði afskipti af þessu  
máli, hefði gefið sýslumanni tilkynning um styrkveitinguna fyr, átti Runólfur Stefánsson,  
sem var fæddur um 1830, sveit í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Leiðvallarhreppi, þá er  
hann flutti sig búferlum að Moldnúpi í Eyjafjallahreppi 1870, en þar dvaldi hann þar til  
hann flosnaði upp á árinu 1879, eptir að hafa þegið styrk af fátækrafje af hinum forna  
Eyjafjallahreppi, sem skiptist í fardögum 1871. Kona hans, Ingibjörg Magnúsdóttir, fór þá  
austur til áttthaga sinna, en börn þeirra sitt í hvora áttina; dvöldu svo hjónin sitt í hvoru  
lagi uppfrá því, og hafðist Runólfur Stefánsson við í Vestureyjafjallahreppi, mest á því að  
vera á ferðalagi fyrir ýmsa með brjef og sendingar. Eptir skýrslu Einars hreppstjóra Jóns-  
sonar á Yzta Skála, sem Runólfur lengst af hafði tilhald hjá, hafði hann átt að vera á sífeldu  
ferðalagi 1879--80, og eigi dvalið í Vestureyjafjallahreppi nema fáar nætur í senn á hinum  
og þessum bæjum, sem gestur, en fyrst komið til Einars Jónssonar að Yzta Skála 1880 og  
verið til heimilis þar 1880--81; eptir það hafi Runólfur við og við verið á heimili hans þar  
til um vorið 1888; þá segist Einar Jónsson, sem virðist hafa hugsað til þess, að Runólfur  
mundi bráðlega sveitfesta sig í hreppnum, hafa tjáð honum, að hann yrði að útvega sjer  
heimili annarsstaðar, og þá fór Runólfur að Litlahrauni í hinum forna Stokkseyrarhreppi í  
Árnessýslu, en dvaldi þar ekki nema eitt ár, sem sje 1888--89, og kom þá aptur til Einars  
Jónssonar á Yzta Skála, sem hann var hjá við og við til vorsins 1896, án þess þeir minntust

á heimilisfang, eins og Einar Jónsson komst að orði; þá er sagt að Runólfur hafi farið burt úr hreppnum, og er lögð áhersla á það, að hann þá um haustið hafi skorid eitthvað af fje sínu á Bakkabæjum í Rangárvallahreppi, þar sem hann þó eptir skýrslu yðar eigi finnst skrifaður til veru. Á síðustu árum sínum á hann að hafa haldið sig í Efri Holtum, og andaðist hann svo á Brúnum 10. sept. 1901. Runólfur Stefánsson hefir þannig dvalið lengst af í Vestureyjafjallahreppi eptir að hann yfirgaf fæðingarhrepp sinn, sem sje frá 1871 eptir 1 árs dvöl í hinum forna Eyjafjallahreppi, til 1901, eða rúm 30 ár.

Á þessu tímabili á dvöl hans að hafa slitnað fyrst nokkru áður en hann flosnaði upp eða hætti búskap 1879 við það, að hann þáði af sveit eptir sögn Einars Jónssonar á Yzta Skála handa einum syni sínum, Þorgeiri að nafni. Í annað skiptið slitnaði dvöl hans í Vestureyjafjallahreppi 1888, er hann fór að Litla Hrauni, og svo á hún síðast að hafa slitnað við burtför hans úr hreppnum 1896. Að því leyti er snertir fátækrastryrkinn, er Runólfur eptir framkominni útskrift úr sveitarbók hins forna Eyjafjallahrepps talinn í hreppskuld, sem sagt er að sje í láni hjá Leiðvallarhreppi, en hreppsnefndin í hinum forna Leiðvallarhreppi kannast eigi við, að nokkur tilkynning eða endurgjaldskrafa hafi þangað komið útaf Runólfi, svo að vera má, að hann sjálfur hafi endurborgað þennan sveitarstyrk, en um það liggja samt eigi fyrir neinar áreiðanlegar upplýsingar.

Í sveitabók Vestureyjafjallahrepps finnst ekkert bókað um ályktun nefndarinnar, viðvíkjandi veiting styrksins, nje heldur um endurgreiðslu hans. Þannig liggur eigi fyrir nein sönnun fyrir því, að sveitarstyrkurinn hafi verið lögmaetur, svo að hann geti haft þá verkun gagnvart hinum forna Leiðvallarhreppi, að slíta sveitfestisdvöl Runólfs í Vestureyjafjallahreppi. Að því leyti er snertir þá hlið málsins, hvernig dvöl Runólfs hafi verið háttað í Vestureyjafjallahreppi, þá er ekkert komið fram, sem sannar, að hann fremur hafi verið á lausum kjala árið eptir að hanu flosnaði upp, eða hætti búskap, en endranær, þótt hreppstjóri Einar Jónsson virðist vilja svo vera láta, og þar sem það er viðurkennt, að Runólfur lifði á því, að fara ferðir fyrir aðra, og var einn síns liðs, þá er það mjög skiljanlegt, að dvöl hans í Vestureyjafjallahreppi hlaut að verða nokkuð slitrótt, en þar hafði hann þó stöðugt bækistöðu sína og eigur sínar, og þangað hvarflaði hann heim úr ferðum sínum. Hann hafði því að mínu áliti áunnið sjer sveitfesti í Vestureyjafjallahreppi, þá er hann fór þaðan að Litla Hrauni í Stokkseyrarhreppi, og það er jafnvel mikið efamál, hvort hann eigi aptur hafi haft heimili sitt í Vestureyjafjallahreppi frá 1889 og þar til hann dó, þrátt fyrir ferð hans að Bakkabæjunum haustið 1896.

Amtið úrskurðar því hjermeð, að Runólfur Stefánsson skuli álitast að hafa verið sveitlægur í Vestureyjafjallahreppi, þá er hann dó í septembermánuði 1901, og að ekkja hans, Ingibjörg Magnúsdóttir, þarafleiðandi skuli eiga sveit í þessum hreppi. Aptur á móti skal hreppurinn vera laus við, að endurgjalda þær 34 kr., sem henni voru lagðar í Leiðvallarhreppi, vegna þess að hreppsnefndin þar hefur dregið um skör fram að tilkynna sýslumanni styrkveitinguna.

## Reglur

um hrákallát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki.

70  
21. júní

Samkvæmt lögum nr. 31 frá 23. oktr. 1903 um varnir gegn berklaveiki hefir stjórnarráðið í samráði við landlækni sett eptirritaðar reglur um